Miðvikudaginn 8. apríl 1998.

Nr. 154/1998. **Ríkissaksóknari**
(Ragnheiður Harðardóttir,
settur saksóknari)
gegn
Kristjáni Braga Valssyni
(Kristján Stefánsson hrl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald, 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 3. apríl 1998, sem barst réttinum ásamt kærumálsgögnum 6. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 3. apríl 1998, þar sem varnaraðila var gert að sæta áfram gæsluvarðhaldi allt til föstudagsins 29. maí nk. kl. 16. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Varnaraðili krefst þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldi verði markaður skemmri tími.

Sóknaraðili krefst þess, að úrskurður héraðsdóms verði staðfestur.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 3. apríl 1998.

Ár 1998, föstudag 3. apríl, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Áslaugu Björgvinsdóttur dómarafulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Ríkissaksóknari hefur með vísan til 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála krafist þess, að Kristjáni Braga Valssyni verði gert að sæta áfram gæsluvarðhaldi, uns dómur gengur í héraði, en þó eigi lengur en til nk. föstudags kl. 16.

Með ákæru, sem gefin var út 24. mars sl., er kærða gefið að sök að hafa

með þremur líkamsárásum brotið gegn 1. mgr. 218. gr. og 1. mgr. 217. gr. og enn fremur 211. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en til vara 2. mgr. 218. gr. sömu laga. Til grundvallar ákæru vegna síðastnefnda brotsins er kærða gefið að sök að hafa að morgni föstudags 26. desember sl. veist að manni og stungið hann mörgum stungum með tveimur hnífum og skærum í líkama og höfuð, svo að hann hlaut fjöldamörg sár í andlit, handleggi, bak, háls, brjóst og kvið. Fram kemur í læknisvottorði, dagsettu 6. janúar sl., að enda þótt ekki hafi verið um lífshættuleg meiðsl að ræða, sé það ekki að þakka þeim, sem stungurnar veitti. Tekið er sérstaklega fram um sár á hálsi og kviðarholi, að þær stungur hefðu getað valdið lífshættulegum skaða. Kærði hefur játað fyrir lögreglu að hafa lagt til mannsins með hnífi umrætt sinn og hnífurinn brotnað við atlögurnar, en minni hans virðist óljóst um ýmis atriði atburðarins.

Með hliðsjón af játningu kærða og gögnum málsins telst kærði vera undir sterkum grun um að hafa brotið gegn 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og jafnvel 211. gr., sbr. 20. gr. sömu laga, en það getur varðað tíu ára fangelsi. Árás kærða var mjög hættuleg, og virðist tilviljun ein hafa ráðið því, að ekki fór verr en raun varð á. Með tilliti til almannahagsmuna og samkvæmt 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 þykir því nauðsynlegt, að kærði sæti áfram gæsluvarðhaldi, og er því fallist á kröfu lögreglu, eins og nánar greinir í úrskurðarorði.

Úrskurðarorð:

Kærði, Kristján Bragi Valsson, skal sæta áfram gæsluvarðhaldi, þar til dómur gengur í máli hans, en þó ekki lengur en til föstudags 29. maí nk. kl. 16.00.